

Utanríkismálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 31. mars 2015

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um að fordæma pyndingar leyniþjónustu Bandaríkjanna. Þingskjal 720 – 465. mál.

Virðingarfyllst,
f.h. Rauða krossins á Íslandi,



Hermann Ottósson,
framkvæmdastjóri.



UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um

tillögu til þingsályktunar um að fordæma pyndingar leyniþjónustu Bandaríkjanna

144. löggjafarþing 2014–2015.
Þingskjal 720 — 465. mál.

Almennt

Rauði krossinn á Íslandi hefur að leiðarljósi að standa vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga. Sem hluti af Alþjóðahreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans heldur félagið á lofti alþjóðlegum mannúðarlögum og vinnur að því að Ísland virði þjóðréttarlegar skuldbindingar sínar í samræmi við aðild sína að Genfarsamningunum fjórum frá 1949, viðaukum við þá frá 1977 og 2005, sem og aðrar skuldbindingar á sviði mannúðarréttar.

Alþjóðaráð Rauða krossins (e. *International Committee of the Red Cross*) er hluti af alþjóðahreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans. Það er óháður, hlutlaus aðili sem hefur það hlutverk að vinna að vernd og framgangi alþjóðlegra mannúðarlaga. Það hlutverk Alþjóðaráðsins er viðurkennt og verndað samkvæmt Genfarsamningunum sem er hornsteinn alþjóðlegra mannúðarlaga. Alþjóðleg mannúðarlög eiga við þegar vopnuð átök eiga sér stað. Þegar ekki er um vopnuð átök að ræða í skilningi alþjóðlegra mannúðarlaga eiga eftir atvikum við ákvæði annarra laga, s.s. alþjóðlegra mannréttindalaga.

Líkt og Alþjóðaráð Rauða krossins, Alþjóðasamband Rauða krossins og Rauða hálfmánans (e. *International Federation of the Red Cross and Red Crescent*) þá leggur Rauði krossinn á Íslandi ríka áherslu á að komið sé í veg fyrir pyndingar og að þeir sem gerist sekir um pyndingar og/eða önnur alvarleg brot á alþjóðlegum mannúðar- og mannréttindalögum séu sóttir til saka.

Umsögn sína um þingsályktunartillöguna byggir Rauði krossinn á ofangreindu auk grundvallarhugsjóna Rauða kross hreyfingarinnar um mannúð, óhlutdrægni og hlutleysi sem og stefnu Alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans.

Bann við pyndingum og illri meðferð er skilyrðislaust

Allir einstaklingar eiga skilyrðislaust að njóta þeirra grundvallarréttinda og verndar sem alþjóðleg mannréttinda- og mannúðarlög kveða á um. Í fjölmörgum ákvæðum Genfarsamninganna er lagt skilyrðislaust bann við bann við pyndingum og grimmilegri, ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð. Í vopnuðum átökum sem teljast til milliríkjaátaka (e. *International Armed Conflict*) eru pyndingar taldar til alvarlegra brota á samningunum, sbr. 50. gr., 51. gr., 130. gr. og 147. gr. samninganna fjögurra. Í viðauka I við samningana teljast slíkar athafnir til stríðsglæpa, sbr. 85. gr. Til viðbótar eru slíkar athafnir bannaðar í 3. gr. sameiginlegri Genfarsamningunum fjórum, 75. gr. í viðbótarbókun I og 4. gr. í viðbótarbókun II við Genfarsamninganna frá árinu 1977.¹

¹ Ísland hefur fullgilt Gefnarsamninganna og báðar viðbótarbókanir við þá.



Samkvæmt venjurétti alþjóðlegra mannúðarlaga, sem er bindandi öllum aðilum vopnaðra átaka, eru slíkar athafnir einnig bannaðar. Í 90. reglu segir:

Bannaðar eru pyndingar, grimmileg eða ómannúðleg meðferð og skerðing persónulegrar sæmdar, einkum auðmýkjandi og niðurlægjandi meðferð.²

Í 8. gr. Rómarsamþykkt Alþjóða sakamáladómstólsins eru slíkir verknaðir skilgreindir sem stríðsglæpir og sem glæpur gegn mannkyninu í 7. gr. sömu samþykktar. Hið algilda bann við pyndingum og annarri grimmilegri eða ómannúðlegri meðferð er einnig að finna í alþjóðlegum mannréttindalögum og samningum og sem öll ríki eru bundin af, óháð því hvort þau eru aðilar að slíkum samningum eða ekki.

Það er rétt að áréttta að hið algilda bann við pyndingum gildir alls staðar, alltaf og undir öllum kringumstæðum.

Þá er mjög mikilvægt að landslög endurspegli þjóðréttarlegar skuldbindingar ríkja og að þeir sem grunaðir eru um alvarleg brot á alþjóðlegum mannúðarlögum séu sóttir til saka, líkt og t.d. Genfarsamningarnir kveða skýrt á um.

Vernd þeirra sem teknir eru höndum í tengslum við vopnuð átök

Burtséð frá því hvernig lagaleg staða þeirra sem teknir eru höndum í tengslum við vopnuð átök er skilgreind, eiga þeir ófrávíkjanlegan rétt til þeirrar lágmarksverndar sem mælt er fyrir um í þriðju grein Genfarsamninganna frá 1949. Sú grein er samhljóða í samningunum fjórum (e. *Common Article 3*) og eins og önnur ákvæði samninganna verndar hún einstaklinga sem eru ekki þátttakendur í vopnuðum átökum eða taka ekki lengur þátt í þeim. Þar segir m.a.:

Þeir sem ekki taka beinan þátt í hernaðaraðgerðum, hér með taldir liðsmenn hersveita sem lagt hafa niður vopn, og þeir sem eru óvígfærir vegna sjúkdóms, sára, handtöku, eða af hvers konar ástæðum öðrum, skulu í hvívetna hljóta mannúðlega meðferð, án nokkurs konar mismununar vegna kynþáttar, litarháttar, trúarbragða eða sannfæringar, kynferðis, uppruna eða ætternis, fjárhagsstöðu eða hvers konar áþekkra aðstæðna.

Í þessu skyni er eftirtalið athæfi gagnvart áðurnefndum mönnum ávallt og hvarvetna bannað:

- a) *ofbeldi gegn lífi og limum, einkum manndráp, lemstrun, grimmileg meðferð og pyntingar;*
- b) *gíslataka;*
- c) *skerðing persónulegrar sæmdar, einkum auðmýkjandi og niðurlægjandi meðferð;*
- d) *refsíakvarðanir eða aftökur án undangengins dóms, kveðnum upp af löglega skipuðum dómstóli sem tryggja það réttaröryggi sem ómissandi telst meðal síðaðra þjóða.*

Í eðli sínu má segja að sá sem hnepptur er í varðhald í tengslum við vopnuð átök sé berskjaldaður gagnvart þeim sem hann hefur í haldi. Áhættan á illri meðferð er oft meiri í upphafi varðhalds á meðan yfirheyrslum stendur og þegar varðhaldsfangar eru í algerri einangrun eða á leynilegum stað eða í

² Venjuréttur alþjóðlegra mannúðarlaga er samansafn af reglum sem má draga af tilteknum venjum sem eru almennt viðurkenndar sem lög. Alls er um að ræða 161 reglu sem flestar gilda í milliríkja- og innanríkisátökum, sem stundum eru kallaðar borgarastyrjaldir. Íslenska þýðingu af venjurétti alþjóðlegra mannúðarlaga má nálgast [hér](#).

fangelsi sem engin stjórnvöld eða vopnaðir hópar gangast við. Varðhaldsfangar í þess konar aðstæðum eru algerlega einangraðir og eru algerlega upp á náð og miskunn þeirra komir sem hafa þá í haldi.

Alþjóðaráð Rauða krossins leggur áherslu á að fá leyfi til að heimsækja fanga eins fljótt og kostur er eftir að þeir eru hnepptir í varðhald og að fá leyfi til þess að heimsækja fanga eins oft og það telur þörf á. Fangaheimsóknir Rauða krossins eru almennt til þess fallnar að koma í veg fyrir þvinguð mannhvörf og koma í veg fyrir pyndingar og illa meðferð á föngum. Sé um leynileg fangelsi eða fangabúðir að ræða hefur Alþjóðaráð Rauða krossins eðli málsins samkvæmt ekki aðgengi að þeim föngum sem þar eru og er eðli málsins samkvæmt auknar líkur á að fangar verði fyrir pyndingum og/eða illri meðferð.

Sé fangi beittur slíkri meðferð eða annarri illri meðferð³ í tengslum við vopnuð átök er um stríðsglæp að ræða samkvæmt alþjóðlegum mannúðarlögum. Ekkert getur réttlætt pyndingar eða annars konar illa meðferð, hvort sem um sé að ræða ástæður sem rekja megi til stjórnmalaskoðana, efnahagsástæðna, öryggissjónarmiða, menningarlegra eða trúarlegra ástæðna.

Afleiðingar pyndinga

Á það er minnt að fórnarlamb pyndinga er ekki aðeins sá sem fyrir þeim verður, heldur og einnig fjölskylda viðkomandi sem og þeir sem pyndingunum beita og athafnir sem skilgreindar séu sem pyndingar grafa undan mennsku og samfélagsgerð þar sem þeim er beitt. Þá er vitað að pyndingar geta af sér hatur sem síðan getur grafið um sig og smitað út til heilu samfélaganna sem getur orðið að vítahring hefnda og reiði sem erfitt getur reynst að rjúfa.

Lokaorð

Til að tryggja sem best réttindi þeirra sem teknir eru höndum í tengslum við vopnuð átök og annarra fanga er grundvallaratriði að tryggt sé að þeir njóti að minnsta kosti þeirra lágmarksréttinda sem fram koma í 3. gr. sem er sameiginleg Genfarsamningunum fjórum og vitnað er til hér að ofan. Þá er gríðarlega mikilvægt að Alþjóðaráð Rauða krossins hafi aðgang að föngum og geti boðið bæði þeim og varðhaldsríkinu eða varðhaldshópi þjónustu sína.

Mikilvægt er að ofangreindum sjónarmiðum sé fylgt eftir við stjórnvöld um heim allan og ekki síst þau stjórnvöld sem talin eru bera ábyrgð á pyndingum og illri meðferð stríðsfanga og annarra sem teknir eru höndum í tengslum við vopnuð átök eða hafa látið kyrrt liggja að sækja til saka þá sem grunaðir eru um slík brot.

³ Hugtakið „ill meðferð“ (e. *ill-treatment*) er ekki lagalegt hugtak í skilningi alþjóðlegra mannúðarlaga en felur í sér athafnir sem teljast til pyndinga, grimmilegra, ómannúðlegrar eða niðurlægjandi meðferðar. Sbr. skilgreiningar Alþjóðaráðs Rauða krossins: <https://www.icrc.org/eng/resources/documents/faq/torture-icrc-definition-faq-2011-06-24.htm>

